

Einar H. Guðmundsson

Rasmus Lievog og stjarnmælingarnar í Lambhúsum

Skömmu eftir stofnun Konunglega danska vísindafélagsins, árið 1742, hófust á þess vegum rannsóknir á ýmsum sviðum náttúruvísinda vítt og breitt um Danaveldi. Einn þáttur í starfseminni voru nákvæmar hnattstöðumælingar sem skiptu Dani miklu vegna nýlenduumsvifa, siglinga og kortagerðar. Stjarnmælingar af ýmsu tagi gegndu lykilhlutverki í þessu sambandi og voru stjarnmælingamenn sendir víða um lönd til hnattstöðu- og landmælinga, þar á meðal til Íslands. Einn hinna fyrstu sem hingað kom í þessum tilgangi var Niels Horrebow og átti hann hér stutta dvöl í kringum 1750. Árið 1772 var svo stofnað embætti stjörnumeistara hér á landi og var Eyjólfur Jónsson guðfræðingur og stjörnuskoðari skipaður í embættið. Eyjólfur dó hins vegar þremur árum síðar og kom því ekki miklu í verk enda var aðstaða hans til stjarnmælinga takmörkuð.

Að frumkvæði Thomasar Bugges, prófessors í stjörnufræði við Kaupmannahafnarháskóla, var norskur guðfræðingurinn og stjörnuskoðarinn Rasmus Lievog skipaður eftirmaður Eyjólfss árið 1779. Hann kom til Íslands sama ár og hóf mælingar, fyrst á Bessastöðum, síðan í embættisbústað sínum, Lambhúsum, og að lokum í sérstökum stjörnuturni sem reistur var við Lambhús árið 1783. Auk starfa við stjarnmælingar gerði Lievog veðurathuganir og fylgdist með stefnu jarðsegulsviðsins. Hann teiknaði einnig nákvæma uppdrætti, meðal annars einn af Reykjavík árið 1787.

Tækjakostur Lievogs var fremur rýr og mörg mælitækjanna voru gömul og úr sér gengin. Samt sem áður voru mælingar hans vandaðar og þær standast fyllilega samjöfnuð við mælingar samtímamanna hans annars staðar, þó að léleg skilyrði til stjörnuathugana hafi oft gert honum erfitt fyrir. Sérstaklega ber að geta athugana hans á myrkvum Júpíterstungla en niðurstöður þeirra mælinga eru enn nýttar. Hluti þeirra er nú varðveittur í miklu gagnasafni rannsóknastofnunarinnar JPL (Jet Propulsion Laboratory) í Kaliforníu, en hún er rekin í samvinnu Tækniháskóla Kaliforníu (Caltech) og Geimferðastofnunar Bandaríkjanna (NASA). JPL–stofnunin hefur meðal annars umsjón með ómönnum geimferðum Bandaríkjanna til rannsókna á sólkerfinu.

Lievog fluttist af landi brott árið 1805 og lögðust stjarnmælingar þá af í Lambhúsum. Tengdist það meðal annars upphafi strandmælinga árið 1801. Mörgum árum síðar gerði Björn Gunnlaugsson tilraun til þess að halda áfram mælingum Lievogs, en af því varð þó ekki vegna tækjaskorts og áhugaleysis danskra stjörnuvalda.

Nokkrar heimildir um mælingarnar í Lambhúsum

Lievog, R.: *Astronomiske og Meteorologiske Observationer 1779–1794*. Lbs. ÍB. 234 a–b, 4to. Handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Bugge, T.: *Astronomiske Observationer, anstillede paa forskellige Steder i Dannemark i Aarene 1784, 85 og 86. Nye Samling af Det Kongelige Danske Videnskabers Selskabs Skrifter*, Tredie Deel, 1788, bls. 321–330.

Bugge, T.: *Astronomiske Observationer, foretagne udi Aarene 1786 og 1787. Nye Samling af Det Kongelige Danske Videnskabers Selskabs Skrifter*, Tredie Deel, 1788, bls. 517–530.

Bugge, T.: *Astronomische Beobachtungen zu Kopenhagen, Norwegen und Island. Astronomisches Jahrbuch für das Jahr 1790*, bls. 220–223.

Porvaldur Thoroddsen: *Landfræðissaga Íslands*, 3. bindi, Kaupmannahöfn 1900–1902, bls. 92–106. (2. útgáfa, Reykjavík 2005, bls. 71–88.)

Jón Eypórsson: *Stjörnuturninn í Lambhúsum og Rasmus Lievog. Veðrið*, 1, 1962, bls. 27–28.

Jón Eypórsson: *Rasmus Lievog og veðurathuganir hans. Veðrið*, 8, 1963, bls. 3–8.

Kington, J.A.: *Meteorological observing in Scandinavia and Iceland during the eighteenth century. Weather*, 27, 1972, bls. 222–233.

Arlot, J.-E., Morando, B. and Thuillot, W.: *An analysis of recently rediscovered eclipse observations of the first satellite of Jupiter made between 1775 and 1802, and collected by Delambre. Astronomy and Astrophysics*, 136, 1984, bls. 142–152.

Lieske, J.H.: *A collection of Galilean satellite observations, 1652–1983: Part I. Astronomy and Astrophysics*, 154, 1986, bls. 61–76.

Lieske, J.H.: *A collection of Galilean satellite observations, 1652–1983: Part II. Astronomy and Astrophysics Supplement Series*, 63, 1986, bls. 143–202.

Einar H. Guðmundsson: *Johnsonius og Lievog: Konunglegir stjómumeistarar á Íslandi á 18. öld. Eðlisfræði á Íslandi IV*. Ritstj. Jakob Yngvason og Þorsteinn Vilhjálmsson, Reykjavík 1989, bls. 110–125.

Guðrún Þorbjarnardóttir, Trausti Jónsson og Gísli Kristjánsson ritstj.: *Uppskrift af nokkrum skjölum á Þjóðskjalasafni varðandi íslenskar veðurathuganir á 18. öld. Veðurstofa Íslands–Greinargerð VÍ-G98027–ÚR22*, júlí 1998. Aðallega bréf af ýmsu tagi.

Einar H. Guðmundsson: *Björn Gunnlaugsson og náttúruspekin í Njólu. Ritmennt*, 8, 2003, bls. 9–78.